

# Sumarnámskeið 2021



## Leikja- og ævintýranámskeið Stykkishólmsbæjar sumarið 2021

Kæru foreldrar/forráðamenn. Í sumar verður boðið upp á leikjanámskeið fyrir 1.-3. bekk líkt og síðustu ár og ævintýranámskeið fyrir 4.-7. bekk líkt og síðustu sumur. Á námskeiðunum er lögð áhersla á gleði og hreyfingu.

### Hvar og hvenær

Mæting er í Setrinu Skólastíg 11 og opnar húsið kl. 8:00 fyrir bæði námskeiðin. Námskeiðin munu byrja alla morgna í grenndinni svo þeir sem sofa yfir sig ættu að finna hópinn 😊

Leikjanámskeið fyrir 1.-3. bekk er frá kl. 8:00 – 14:00 mán- fim og frá kl. 8:00 - 12:00 á föstudögum.

Námskeiðin fyrir 4.-7. bekk eru frá kl. 8:00 - 12:00. **Frjálst val frá kl. 8:00 til 9:00 við Setrið og formleg dagskrá frá 9:00-12:00.**

### Næring og nesti

Gert er ráð fyrir að allir mæti með hollt og gott nesti fyrir kaffitíma sem verður kl. 9:30 og börn á leikjanámskeiðinu mæti líka með hádegishressingu sem verður kl. 12:00. Ef veður leyfir munu við svo grilla saman á föstudögum fyrir bæði námskeiðin. Allir eru beðnir um að hafa með sér vatnsbrúsa, sundföt og léttan bakpoka. *(Gos, orkudrykkir og sælgæti er ekki leyfilegt)*

### Sól og skjól

Mikilvægt er að börnin séu klædd eftir veðri. Við höfum einnig aðstöðu í íþróttahúsinu ef veður er vont. Minnum á sólarvörn.

## Umsjónaraðilar og skráningarupplýsingar

Umsjónaraðili leikjanámskeiðs fyrir 1.-3. bekk er Klaudia Sylwia Gunnarsdóttir umsjónarmaður Regnbogalands, sími 888 5571. Skráning í leikjanámskeið fyrir 1.-3. bekk er í netfangið [klaudia@stykk.is](mailto:klaudia@stykk.is)

Umsjónaraðili námskeiða fyrir 4.-7. bekk er Ragnar Ingi Sigurðsson kennari og skylmingameistari, sími 820 0508. Skráning í námskeið hjá Ragnari er í netfangið [ragnarangi@stykk.is](mailto:ragnarangi@stykk.is)

### Skráning þarf að berast á föstudegi fyrir hvert námskeið.

Námskeið 1	7.-11. Júní	Skráning til 4. Júní
Námskeið 2	14.-18. Júní (frí 17.)	Skráning til 11. Júní
Námskeið 3	21.-25. Júní	Skráning til 18. Júní
Námskeið 4	28 Júní.-02. Júlí	Skráning til 25. Júní

**Mikilvægt er að átta sig á að námskeiðin eru ekki gæsla heldur afþreying með upphafi og endi.**

**Ekki verður í boði að kaupa staka daga heldur ber að greiða fyrir heilt námskeið. Sendir verða út reikningar fyrir hvert námskeið og við skráningu á námskeið þarf að gefa upp aldur barns og kennitölu greiðanda.**

Fyrir hverja viku verða að vera skráð 10 börn að lágmarki, annars fellur námskeiðið niður.

Hvetjum foreldra til að merkja allt sem kemur inn á námskeiðin; nestisbox, töskur og föt. Allt of mikið af fötum enda sem óskilamunir.

# Hlökkum til að sjá sem flesta




STYKKISHÓLMSBÆR

# Skylminganámskeið, ævintýranámskeið



## og smíðavellir

Fyrir 4. -7. bekk (2010-2007)



Námskeið 1	7.-11. júní	<b>Skylminganámskeið</b>	Verð: 10.000.-
Námskeið 2	14.-18. júní	<b>Smíðanámskeið</b>	Verð: 10.000.-
Námskeið 3	21.-25. Júní	<b>Skylminganámskeið</b>	Verð: 10.000.-
Námskeið 4	28. Júní-02. Júlí	<b>Ævintýranámskeið</b>	Verð: 10.000.-

Frjálst val frá kl. 8:00 til 9:00 við Setrið og formleg dagskrá frá 9:00 til 12:00.

**Skylminganámskeið** kennd verða undirstöðuatriði Ólympískra skylminga ásamt því að farið verður í ýmsa skylmingatengda leiki.



**Ævintýranámskeið**  
Siglingar - Dorgveiði  
Hjóláprautir -Ratleikur  
Grill og margt fleira



**Smíðavellir** - viltu smíða kofa, bekk eða hvað sem þér dettur í hug? Þá er þetta námskeiðið fyrir þig. **Nemendur þurfa sjálfir að koma með hamar og sög**, en við verðum með timbur og nagla.



# Leikjanámskeið



Fyrir 1. -3. bekk (2013-2011)

Námskeið 1	7.-11. júní
Námskeið 2	14.-18. Júní
Námskeið 3	21.-25. Júní
Námskeið 4	28. Júní-02. Júlí

Hægt er að skrá eina viku í senn sem kostar 6.500 krónur og greiðist í upphafi námskeiðs. Veittur er systkinaafsláttur af leikjanámskeiðum, 50% með öðru systkini og ef systkinin eru þrjú er aðeins greitt fyrir tvö börn.

Venjulegur dagur á leikjanámskeiði	
08:00 – 09:00	Frjálst val við Setrið Skólastíg 11
09:00 – 10:00	Leikir
10:00 – 10:30	Kaffitími
11:00 – 12:00	Leikir, vetvangsferðir og útivera
12:00 – 12:30	Hádegismatur
12:30 – 14:00	Leikir og útivera. Á föstudögum lýkur námskeiðum kl. 12:00

Á leikjanámskeiðunum verður efniviðurinn sóttur í nærumhverfið og börnin æfa sig í að umgangast dýr og menn í Stykkishólmi. Áhersla verður lögð á útileiki og skapandi vinnu með börnunum. Á leikjanámskeiðinu verður grillað, farið í sund, lautarferði, fjöruferð, hjólaferðir, gönguferðir, dorgveiði, ratleik, og ýmsa skemmtilega leiki.

